

Pistill frá stjórn - Facebook og fagmennska?

Í mars hefti „Börn og unge“ er grein sem ber yfirskriftina „Facebook gildran“ Í þeirri grein eru reifuð nokkur atriði sem reynst hafa dönskum frístundastarfsmönnum vafasöm í samskiptum við börn, unglunga og foreldra. Þar kemur fram að starfsmenn hafi verið ásakaðir um ósæmilega hegðun gagnvart unglungum. Facebook samskiptanetið hefur fest sig í sessi hér á landi sem annarsstaðar. Heyrst hafa sögur af heilu skólaárgöngunum sem náð hafa saman á Facebook, ættingjum í öðrum löndum, gömlum skiptinemasakóla-félögum og allt jákvætt. Fólk getur aðeins fylgst hvert með öðru, gert athugasemdir og upplifað að það tilheyri samfélagi fólks á netinu. Þeir sem hinsvegar hafa kosið að taka ekki þátt í þessu samfélagi, geta

á sama hátt upplifað ákveðna einangrun þar sem það er ekki með í þeirri umræðu sem fer fram á facebook, boðum á viðburði, afmæli vina og vanda-manna og fleira mætti nefna. Og á stundum hefur athugasemdin: “ertu ekki á facebook” hljómað eins og skammmaryrði. Facebook hefur bæði kosti og galla fyrir einstaklinga. En hvaða kosti og galla hefur það fyrir starfsmenn í frítímaþjónustu og hvernig eru starfsmenn að nýta þetta tæki? Hvar skilur af einkalíf og vinnulíf? Hvenær er verið að setja inn efni á face-book sem er öllum opið? Hvenær er verið að bæta við vinum sem eru mögulega unglingar, foreldrar eða börn í starfi hjá viðkomandi – eða er það gert? Er það jákvætt? Hvernig er siðferði viðkomandi háttáð varðandi birtingu mynda

eða á öðru efni. Hvað er privat og hvað er faglegt? Kostirnir eru margir og facebook er frábært tæki til að nota til að skapa samkennd meðal unglunga, auglýsa viðburði og skiptast á skoðunum en slíkt á heima á síðum sem eru stofnaðar til þess ama og stýrt af starfsmönnum sem geta gripið inn í og sett um þetta skýrar reglur. Eitt er víst að facebook er ljómandi gott samskiptatæki sem virkar vel sem slíkt, en það er vandratáð um veraldarvefinn. Hafa ber í huga að birting á netinu er alltaf opinber birting og því skal líka hafa í huga að skoða þær stillingar sem facebook býður upp á s.s. hver sér hvað og hver getur lesið hvað. Aðgát skal höfð í nærveru sálar hér sem annarsstaðar.

Nýir félagar boðnir velkomnir

Á starfsárinu 2008-2009 hafa níu nýir félagar bæst í fagfélagið. Er fjöldi félagsmanna kominn í 94. Nýir félagar í stafrófsröð:

**Arnfríður Sólrún
Valdimarsdóttir**

Eva Einarsdóttir

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir

Gísli Rúnar Gylfason

Hildur Rúdólfsdóttir

Linda Björk Pálsdóttir

Ragnheiður Erna

Kjartansdóttir

Sigmundur Sigmundsson

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir

Við bjóðum nýja féлага hjartanlega velkomna í félagið.

Umræðan—Framtíðarsýn!

Á vef Samfylkingarinnar er umfjöllun um framtíðarsýn flokksins og þar er minnst á rammalöggjöf um frístundir og íþróttaiðkun barna og unglunga.

Ánægjulegt er að sjá að umræða um málaflókinn hefur stórauðist í fjölmiðlun og sérstaklega ánægjulegt að sjá að málaflókurinn er á dagskrá sem stór þáttur í þróun

samfélagsins. Frekari upplýsingar á http://www.samfylkingin.is/Framtíðin/Áherslur_2009/#MenntunOgMenning

Aðalfundur Fagfélagsins

Aðalfundur Félags fagfólks í frítímaþjónustu verður haldinn fimmtudaginn 28. maí kl. 16:30.

Verður fundurinn haldinn á Veitingahúsinu Horninu við Hafnarstræti.

Venjuleg aðalfundarstörf.